

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hvalfjarðarsveit.

Breyting á deiliskipulagi Herðisarholts.

Breytingin felst í að innan deiliskipulagssvæðisins er gert ráð fyrir tveimur nýjum lóðum, á lóð nr. 1 sem er 3 ha að stærð verður heimilt að reisa allt að 320 m² íbúðar- og þjónustuhús og er auk þess heimilt að byggja 10 smáhýsi allt að 40 m² að stærð, nú þegar hefur verið reist 158 m² íbúðar- og þjónustuhús og tvö 28 m² smáhýsi. Á lóð nr. 3 sem er 1,5 ha að stærð er heimilt að byggja 250 m² íbúðarhús og útihús allt að 200 m². Að öðru leyti verði landið nýtt til skógræktar og útivistar.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 25. gr. laga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvalfjarðarsveit, 3. maí 2011.

F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar,

Skúli Lýðsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 4. maí 2011